

Velkomin

SKÝRSLA STARFSHÓPS UM MÓTTÖKU OG AÐLÖGUN BARNNA INNFLYTJENDA, FLÓTTAFÓLKS OG UMSÆKJENDA UM ALÞJÓÐLEGA VERND Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARF



Innihald

Tillögur starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.....	2
1. Starfshópur um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.....	5
2. Börn með annað móðurmál en íslensku	6
Heimsóknir í grunnskóla	6
Úthlutun fjármagns til leik- og grunnskóla	7
Áætlun um árlega fjölgun barna með annað móðurmál en íslensku til ársins 2030.....	9
Skýrsla Menntamálastofnunar um greining á stöðu ÍSAT nemenda	10
3. Börn flóttafólks.....	11
Umsækjendur um alþjóðlega vernd.....	11
Börn kvótaflóttafólks.....	13
Börn sem fá stöðu flóttafólks og fjölskyldusameiningar	13
Að lokum.....	13
4. Móttökuáætlanir í leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar	14
Leikskólar.....	14
Grunnskólar	14
Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar	15
5. Móttaka barna innflytjenda og flóttafólks utan Reykjavíkur.....	15
Móttökudeild fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd í Hvaleyrarskóla.	15
6. Móttaka barna innflytjenda og flóttafólks í skóla á Norðurlöndum	16
Þekkingarheimsóknir á vegum SSH skólaárið 2017	17
Heimsókn starfshópsins til Noregs 14. og 15. mars 2018	18
7. Árbæjarmódelið - Velkomin í hverfið þitt.....	21
8. Matstæki í þróun.....	22

Fylgiskjöl:

Nr. 1. Erindisbréf starfshópsins

Nr. 2. Verklag vegna þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd

Nr. 3a. Gátlisti vegna móttökuáætlunar fyrir grunnskólanemendur með annað móðurmál en íslensku

Nr. 3b. Gátlisti vegna könnunar á stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku

Nr. 4. Fjármagn til SFS á grundvelli samnings við ríkið um þjónustu við kvótaflóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Nr. 5. Tillaga Sjálfstæðisflokks um greiningu á stöðu nemenda með íslensku sem annað tungumál.

Tillögur starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Tillögurnar byggja á greiningu og könnun starfshópsins sem nánar er sagt frá í skýrslunni sem hér fylgir á eftir. Tillögurnar lúta að því annarsvegar að auka stuðning við nýkomin börn og fjölskyldur þeirra við komu til borgarinnar með kynningu á skóla, hverfi og nærþjónustu en hinsvegar að því að bæta könnun og mat á stöðu barnanna við komu í skóla og skipulag náms í kjölfar matsins. Starfshópurinn leggur áherslu á að úrræði í skipulagi náms og móttöku séu breytileg og miði að því að koma til móts annars vegar við þarfir fjölbreyttra nemenda með ólíkan bakgrunn, tungumálakunnáttu, námslega stöðu og reynslu (innflytjendur, flóttamenn, umsækjendur um alþjóðlega vernd) en hinsvegar ólíkar þarfir starfsstöðva. Með tillögum starfshópsins um aukinn stuðning við starfsstaði vegna móttöku barna sem hefja skólagöngu í íslensku málumhverfi er leitast við að leggja betri grunn að námi þeirra og um leið auka tækifæri þeirra til að ná betri fótfestu í íslensku samfélagi.

Tillaga 1. „Velkomin í hverfið þitt“.

Móttökuáætlunin „Velkomin í hverfið þitt“ verði innleidd í öll hverfi borgarinnar. Með verkefninu er lögð áhersla á heildræna nálgun við móttöku nýrra fjölskyldna með börn á leik- og grunnskólaaldri. Að verkefninu komi fulltrúar grunnskóla sem er fyrsti áfangastaður í móttökunni, fulltrúar leikskóla ef barn er á leikskólaaldri, fulltrúi frístundamiðstöðvarinnar og fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar. Sérstaklega verði hugað að fjölskyldum í viðkvæmri stöðu. „Velkomin í hverfið þitt“ verði samofið móttökuáætlun grunnskóla, frístundastarfs og leikskóla (sjá tillögur tvö, þrjú og fjögur) sem hefur m.a. að leiðarljósi samstarf hverfisins um velferð barna og unglinga. Verkefnið felur í sér auknar kröfur á hlutverk þjónustumiðstöðva þar sem fastur tengiliður þess mun sinna þessu hlutverki. Mikilvægt er að horfa til þess hvernig unnt er að kynna helstu stoðir hverfisins þ.m.t skipulagt íþrótta- og frístundastarf.

Ábyrgð: Velferðarsvið Reykjavíkur, þjónustumiðstöðvar í hverfum og fulltrúar leik- og grunnskóla.

Kostnaður: kostnaður fellur fyrst og fremst á VEL.

Tímabil innleiðingar: Verkefnið er hafið í Árbæ, búið að kynna fyrir framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðva og fulltrúum Velferðarsviðs. Markmiðið að það komist á í Vesturbæ, Miðborg, Hlíðum og Breiðholti 2018 og verði að fullu komið til framkvæmda í öllum hverfum haustið 2019.

Tillaga 2. Móttökuáætlanir leikskóla.

Settur verði af stað rýnihópur leikskólastjóra, deildarstjóra og verkefnastjóra frá fagskrifstofu leikskólamála sem hefur það hlutverk að endurskoða handbækur og leiðbeiningar sem til eru vegna móttöku, aðlögunar og samstarfs við foreldra barna af erlendum uppruna. Hlutverk hópsins verði að meta hvort þörf er fyrir breytingar á fyrirliggjandi leiðbeiningum um móttöku vegna barna af erlendum uppruna í leikskóla borgarinnar.

Ábyrgð: Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála.

Kostnaður: Enginn umfram vinnuframlag starfsfólks.

Tímabil: Lokið fyrir vor 2019.

Tillaga 3. Móttökuáætlanir í frístundastarfi.

Alltaf verði kallaður til aðili frá frístundaheimili eða félagsmiðstöð þegar nemandi með annað móðurmál en íslensku er innritaður í grunnskóla. Kynnt verði fyrir foreldrum gjaldfrjáls frístundaheimili fyrstu þrjá mánuðina fyrir börn sem eru ný í íslensku málumhverfi. Frístundakortið verði einnig kynnt fyrir foreldrum á móttökufundum. Þá er vísað í fyrstu tillögu starfshópsins um móttöku í hverfum og lögð

áhersla á aukið samstarf skóla, þjónustumiðstöðva og frístundamiðstöðva þegar tekið er á móti nýjum nemendum í hverfi og skóla.

Ábyrgð: Skólastjórar – deildarstjórar grunnskóla og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva.

Kostnaður: Enginn umfram vinnuframlag starfsfólks.

Tímabil: Frá og með hausti 2018.

Tillaga 4. Aukinn stuðningur við móttöku, skipulag náms og kennslu grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum.

- Þeir grunnskólar sem eru með 30% - 50% hlutfall nemenda með íslensku sem annað tungumál fái til viðbótar við grunnmönnum, 75% stöðugildi umsjónaraðila. Grunnskólar með yfir 50% barna fái 100% stöðugildi umsjónaraðila. Umsjónaraðili hafi það hlutverk að bera ábyrgð á móttöku, aðlögun og skipulagi náms nemenda með íslensku sem annað tungumál. Umsjónaraðili starfar náið með öðrum kennurum skólans, veitir kennurum ráðgjöf, heldur utan um mat á framförum barna og metur þörf fyrir aukinn stuðning við nám í samvinnu við umsjónarkennara.
- Keyptur verði aðgangur að sænska matstækinu sem verið er að þróa og staðfæra fyrir íslenska skóla. Ráðgjafar *Miðju máls og læsis* haldi utan um matstækið, sinni mati á stöðu nemenda við upphaf skólagöngu og veiti skólum leiðsögn og ráðgjöf um fyrirlögn og skipulag námsúrræða að loknu mati.
- Stöðugildi ráðgjafa við *Miðju máls og læsis* verði aukið með það að markmiði að þróa verklag um móttöku og könnun á stöðu nemenda við upphaf grunnskólagöngu stuðning við skóla og skipulag námsúrræða að loknu mati.

Umsjónaraðilar, ráðgjafar *Miðju máls og læsis* og fjölmeningarteymi SFS vinni saman með það að markmiði að byggja upp ráðgjafar og þekkingargrunn vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku. Þessar tillögur verði endurskoðaðar þegar og ef LOI stuðullinn verður tekinn upp í tengslum við úthlutun til starfsstöðva SFS.

Ábyrgð: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Kostnaður: 3.25% stöðugildi umsjónaraðila í grunnskólum, eitt stöðugildi ráðgjafa *Miðju máls og læsis*. Samtals launakostnaður 36.655.000. Annar rekstrarkostnaður 1.500.000.

Tímabil: Frá og með vori 2019.

Tillaga 5. Bætt upplýsingagjöf við skólaskil barna úr leikskóla og yfir í grunnskóla og frístundaheimili.

Upplýsingum um stöðu barna með annað móðurmál en íslensku verði miðlað með markvissum hætti frá leikskóla- til grunnskóla og frístundaheimila. Þannig verði hægt að leggja grundvöll að áframhaldandi námi barna í grunnskóla frá byrjun. Hugað verði sérstaklega að því að kynna fyrir foreldrum skipulag náms og kennslu í grunnskólanum, hlutverk skólaforeldra og starfsemi frístundaheimila.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og deildarstjórar beggja skólastiga.

Kostnaður: Enginn umfram vinnuframlag starfsfólks.

Tímabil: Fari af stað vorið 2019.

Tillaga 6. Stöðdeild móttöku fyrir nemendur í 3-10 bekk með litla eða óstöðuga skólagöngu.

Sett verði á laggirnar stöðdeild við einn grunnskóla í borginni þar sem þróað verður starf fyrir börn í 3.-10. bekk sem þurfa sértækan stuðning við að hefja nám í íslenskum grunnskóla. Í þessum hópi eru börn flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og í einhverjum tilvikum börn innflytjenda sem ekki hafa skólagöngu að baki eða talið er að þurfi mikinn stuðning við nám í íslenskum grunnskóla. Lögð verði

áhersla á að nemendur verði að hámarki sex til níu mánuði í stoðdeild áður en þau hefja nám í heimaskóla. Mat á stöðu barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd fer fram hjá fulltrúa teymis um alþjóðlega vernd og ráðgjöfum *Miðju máls og læsis*. Stoðdeildin vinni náið með fjölmenningatrymi SFS, ráðgjöfum *Miðju máls og læsis*, sérfræðingum á þjónustumiðstöðum og TUAV.

Ábyrgð: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Kostnaður: Þrjú föst stöðugildi kennara, eitt stöðugildi umsjónaraðila og eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa. Launakostnaður samtals: 40.220.000.

Áætlaður annar kostnaður, háð skipulagi og framkvæmd: Búnaður í upphafi: 2.500.000. Rekstrarkostnaður annar: (handleiðsla, túlkajónusta ofl): 3.680.000. Auk þess þarf að gera ráð fyrir mögulegum aksturskostnaði háð staðsetningu deildar og búsetu nemenda (Hluti fjármagnsins verði sóttur í það fjármagn sem þegar er greitt til SFS vegna samnings við ríkið um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.)

Tímabil: Undirbúningur vorið 2019. Deildin sett á laggirnar haustið 2019.

Tillaga nr. 7. Aukið fjármagn og bætt verklag vegna grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál.

Fjármagn til kennslu íslensku sem annars tungumáls verði aukið og haldist í hendur við þróun nemendafjölda. Grunnskólar útbúi heildaráætlun vegna móttöku og skipulags náms nemenda með íslensku sem annað mál sem hluta af starfsáætlun. Við mótun og innleiðingu heildaráætlunar verði hægt að leita til fjölmenningatrymis SFS, ráðgjafa og brúarsmiða *Miðju máls og læsis*.

Ábyrgð: Sviðsstjóri SFS og skólastjórar grunnskóla

Kostnaður: Fjármagn til úthlutunar verði aukið um 61.000.000 (úr 190.000.000 í 251.000.000).

Tímabil: Mikilvægt að þetta fari inn í milliumræðu um fjárhagsáætlun 2019

Tillaga nr. 8. Þróunarverkefni

Sett verði af stað þrjú þróunarverkefni sem miði að því að:

- Efla móttöku, aðlögun og skipulag náms barna þeirra sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Sérstök áhersla verði á að skoða hvernig mæta má þörfum barna með áfallastreituröskun.
- Byggja brú fyrir nemendur úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla.
- Sumarnámskeið fyrir nýkomna nemendur þar sem áhersla verður lögð á kennslu íslensku sem annars máls og samfélagsfræðslu.

Ábyrgð: Fjölmenningatrymi og *Miðja máls og læsis* í samstarfi við fagskrifstofu og Nýsköpunarmiðstöð. SFS leiti eftir innlendum og erlendum samstarfsaðilum.

Kostnaður: Sótt verði um styrki til verkefnanna auk mótframlags SFS í formi vinnuframlags starfsfólks.

Tímabil: Unnið verði að gerð umsókna og mótun verkefna 2018-2020.

Tillaga nr. 9. Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Haldið verði áfram að þróa samtal við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu SSH með það að markmiði að efla samráð kennsluráðgjafa sem hafa með málaflokkinn að gera og þróa samræmt verklag vegna móttöku nýrra nemenda. Byggt verði á því matstæki sem nú er í þróun hjá sveitarfélögunum Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ í samstarfi við Menntamálastofnun.

Ábyrgð: Sviðsstjóri SFS.

Kostnaður: Enginn umfram vinnuframlag starfsfólks.

Tímabil: Frá hausti 2018.

1. Starfshópur um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Á 132 fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. janúar 2018 var lögð fram og samþykkt eftirfarandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að auka stuðning við skóla- og frístundamiðstöðvar vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Settur verður á fót starfshópur um bætt verklag við móttöku þessara barna með hliðsjón af fyrirmyndum í nágrannalöndum okkar. Sérstaklega verði hugað að því hvernig styðja megi við skóla- og frístundabyrjun barna úr hópi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd þar sem skólaganga hefur verið rofin eða takmörkuð og þar sem börn glíma við áfallastreitu, kvíða eða vanlíðan.

Í kjölfarið var settur af stað starfshópur sem samkvæmt erindisbréfi (sjá fylgiskjal nr. 1) fékk það hlutverk að móta verklag um stuðning við starfsstöðvar SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Helstu verkefni starfshópsins voru að:

- Kanna með hvaða hætti nágrannalönd okkar standa að móttöku og aðlögun barna og ungmenna úr hópi innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd
- Kanna hvaða próf og matstæki eru nýtt í nágrannalöndum og eða öðrum sveitarfélögum á Íslandi til að skoða stöðu þessara barna við upphaf skólagöngu með tilliti til stöðu í móðurmáli, námslegrar stöðu, heilsufarslegra þátta og velferðar og hvernig þær niðurstöður eru nýttar til að stuðla að sem farsælastri skólabyrjun/skólagöngu
- Kanna með hvaða hætti er stutt við skóla- og frístundabyrjun barna úr hópi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd þar sem skólaganga hefur verið rofin eða takmörkuð og þar sem börn glíma við áfallastreitu, kvíða eða vanlíðan
- Fara yfir móttökuáætlanir í skóla- og frístundastarfi, útbúa gátlista sem einfalda nýtingu þeirra við móttöku og aðlögun þessara barna og byggir á nýju verklagi
- Skoða með hvaða hætti hægt er að nýta og kynna verklag um móttöku og aðlögun nýrra nemenda í Árbæjarhverfi í öðrum hverfum borgarinnar
- Undirbúa breytt verklag varðandi stuðning við starfsstaði SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd
- Leggja fram áætlun um innleiðingu verklags um stuðning við starfsstaði SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd

Fulltrúar í starfshópnum voru:

- Bjarni Þórðarson forstöðumaður í félagsmiðstöðinni Tíunni.
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar hjá grunnskólaskrifstofu, starfsmaður hópsins.
- Dröfn Rafnsdóttir verkefnastjóri *Miðju máls og læsis*.
- Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar hjá leikskólaskrifstofu, formaður hópsins.
- Hrafnís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur í teymi um alþjóðlega vernd hjá ÞMVH
- Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir skólastjóri Fellaskóla
- Trausti Jónsson verkefnastjóri frístundastarfs hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Starfshópurinn starfaði frá febrúar til júní 2018 og fundaði átta sinnum auk þess sem hann fór í 2ja daga náms- og kynnisferð til Noregs til að skoða móttöku og aðlögun barna innflytjenda og flóttafólks.

[Heimurinn er hér, stefna Reykjavíkurborgar um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf](#) var samþykkt í borgarráði árið 2014. Stefnan hvílir á þremur meginstöðum; *Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir, íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi og foreldrasamstarf*. Í kjölfarið hefur *Fjölmennning* verið umbótaþáttur í stefnu- og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs. Fjölmörg skref hafa verið stigin í áttina að því að bæta námsumhverfi barna með annað móðurmál en íslensku m.a. með auknu fjármagni til íslenskukennslu, túlkajónustu og í þróunarstarf á sviði fjölmenningar. Auk þess hefur ráðgjöf og stuðningur verið bættur verulega ekki síst í gegnum fjölmenningarteymi SFS og *Miðju máls og læsis* með tilkomu læsiráðgjafa og brúarsmiða. Með því að setja af stað áætlun um að stuðla að auknum stuðning við starfsstöðvar vegna móttöku nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku er stigið mikilvægt skref í að efla skóla- og frístundastarf fyrir þennan hóp barna¹.

2. Börn með annað móðurmál en íslensku

Þrátt fyrir að starfshópnum hafi sérstaklega verið ætlað að skoða móttöku barna með íslensku sem annað tungumál var hópnum einnig falið að fjalla um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um greiningu á stöðu nemenda með íslensku sem annað tungumál sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar 20. febrúar 2018, sjá fylgiskjal nr. 5 en tillögunni var vísað til skóla- og frístundasviðs til meðferðar. Á síðustu þremur árum hefur farið fram víðtæk greining á stöðu málaflokksins hjá Reykjavíkurborg. Sama má segja um greiningu á landsvísu en Menntamálastofnun gaf fyrir á árinu út skýrslu um stöðu málaflokksins. Mikið liggur því fyrir af gögnum sem leitast er við að gera grein fyrir hér í þessum kafla en hópurinn telur mikilvægt að tengja tillögurnar sem lagðar eru fram í þessari skýrslu við málaflokkinn í heild.

Skoða þarf heildrænt hvernig betur má styðja við nám barna með íslensku sem annað mál í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þetta sýna niðurstöður *Milli mála*², heimsóknir í grunnskóla borgarinnar og kannanir *Miðju máls og læsis* á þörf fyrir stuðning og ráðgjöf árið 2016 en þá sögðust 97% allra grunnskóla og um 75% leikskóla þurfa aukinn stuðning vegna vinnu með börnum sem hafa íslensku sem annað tungumál. Sama gildir um niðurstöðu djúpgreiningarhóps um fjölmenningarmál sem starfaði á SFS veturinn 2016-2017. Niðurstöður hans leiddu í ljós að allt frá árinu 1995 hefur verið unnið handahófskennt að því að bæta stöðu málaflokksins bæði innan borgarinnar og á landsvísu. Auka þarf fjármagn til leik- og grunnskóla vegna kennslu íslensku sem annars máls, túlkajónustu og fjölmenningarlegs skóla- og frístundastarfs. Þá er brýnt að efla símenntun, fræðslu, ráðgjöf og stuðning við skóla- og frístundastarf vegna málefna barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Heimsóknir í grunnskóla

Á vorönn 2017 voru grunnskólar Reykjavíkur heimsóttir til að skoða fjölmenningarlega kennslu- og starfshætti. Samkvæmt lögum eiga allir grunnskólar og/eða sveitarfélög að hafa móttökuáætlun vegna nemenda sem eru með annað móðurmál en íslensku. Árið 2014 var móttökuáætlun grunnskóla Reykjavíkur endurskoðuð en innan við þriðjungur grunnskólanna sögðust starfa eftir nýju móttökuáætlun grunnskólanna og fáir skólar sögðust boða fulltrúa frístundastarfsins í móttökuvíðtölin.

¹ Á undanförunum árum hefur verið misbrestur á því að tölfræðilegum upplýsingum um fjölda barna innflytjenda og flóttafólks sé safnað með samræmdum hætti hjá SFS. Þetta hefur í för með sér að erfitt er að bera saman upplýsingar á milli skólastiga því forsendur fyrir söfnun upplýsinga eru ólíkar. Þá er hvergi hægt að kalla þessar upplýsingar fram með einföldum hætti sem þýðir að alltaf þarf að telja saman fjöldann úr ólíkum skjölum. Af þessum ástæðum er gefinn fyrirvari á því að einhverjar tölur geta verið ónákvæmar.

² *Milli mála* er próf samið í þeim tilgangi að meta hvort börn sem hafa annað móðurmál en íslensku hafi nægilega góð tök á íslensku til þess að fylgjast með skólastarfi í þeim bekk sem þau eru í. Elín Þöll Þórðardóttir © 2011


Í flestum skólum var kennsla í íslensku sem öðru máli tengd við sérkennslu. Börn á yngsta stigi fara oftast beint inn í almenna bekkinn en nemendur sem koma inn á mið- og unglingastigi fara nær oftast í námsver og/eða sérkennslu að minnsta kosti í byrjun. Það er mismunandi hve mikla kennslu í íslensku sem öðru máli nemendur fá á viku en ljóst er að það fjármagn sem fylgir úthlutun vegna *Milli mála* nægir ekki og víða er því notað fjármagn vegna úthlutunar til sérkennslu samhliða.

Í flestum skólum er einn eða fleiri aðilar innan skólans sem hefur msjón með móttöku barna og kennslu íslensku sem annars máls á sinni könnu þó að það sé ekki aðalstarf viðkomandi. Almennt eru það sérkennarar en í einhverjum tilfellum kennarar sem hafa stundað framhaldsnám tengt fjölmenningu en víða er þekkingu kennara á kennslu íslensku sem annars máls og fjölmenningarlegum kennsluháttum ábótavant. Í þeim skólum þar sem hlutfall nemenda með annað móðurmál er hátt, er reynt að ráða sérstaklega inn í stöðu til að sinna þeim málaflokkum en aukið fjármagn vantar til að gera skólum það kleift. Allir starfsmenn ræddu um mikilvægi þess að hafa aðila sem hefði yfirumsjón með málaflokknum en jafnframt að málefni barna með annað móðurmál en íslensku væru á ábyrgð allra kennara en ekki eingöngu sérkennara. Foreldrasamstarf er almennt með hefðbundnum hætti og telja sumir ýmsar áskoranir vera í foreldrasamstarfi vegna tungumálaerfiðleika og menningarmunar. Þátttaka foreldra af erlendum uppruna í foreldrastarfinu er oftast nær heldur takmörkuð og virðist almennt vera lítil þátttaka í foreldrafélögum. Þeir grunnskólar sem eru með flest börn sem tala íslensku sem annað tungumál hafa verið þeir sömu undanfarin ár þó að Hólabrekkuskóli hafi nýlega bæst við en þetta eru:

- **Fellaskóli 65%**
- **Breiðholtsskóli 38%**
- **Austurbæjarskóli 37%**
- **Hólabrekkuskóli 36%**


Úthlutun fjármagns til leik- og grunnskóla

Árið 2016 var byrjað að úthluta fjármagn til grunnskóla vegna kennslu íslensku sem annars máls á grundvelli niðurstaðna úr *Milli mála* prófinu. Eins og kemur fram á mynd nr.1 olli þetta verulegum breytingum á stöðunni og í ljós kom að miklu fleiri nemendur þurfa stuðning en áður var talið. Við því þarf að bregðast með auknu fjármagn, stuðning við skóla og breyttum starfsháttum en árið 2017 var fjármagn til úthlutunar aukið um rúman helming úr rúmum 90 millj. króna í tæpra 200 millj. króna.



Mynd 1. Fjöldi grunnskólabarna sem fær stuðning í ÍSAT á grundvelli *Milli mála* 1997-2017

Líkt og í grunnskólum var fjármagn til leikskóla vegna stuðnings við börn með annað móðurmál en íslensku aukið í kjölfar djúpgreiningar 2017. Mikilvægt er að efla starf leikskóla með íslensku sem annað mál til að efla mál og læsi fjöltýngdra leikskólabarna en niðurstöður *Milli mála* sýna að 44% barna sem þurfa stuðning við nám í grunnskóla eru fædd á Íslandi og hafa mörg hver gengið í leikskóla, mynd 2.




Mynd nr. 2. Hlutfall grunnskólanemenda í 1-10 bekk sem þurfa stuðning samkvæmt Milli mála

Þessi aukning fjármagns kom inn í starf leikskóla í ársbyrjun 2018 og munu leikskólar skila greinargerð með starfsáætlun 2018 um skipulag starfsins en líkt og í grunnskólum er skortur á sérhæfðum leikskólakennurum til að vinna með fjölmenningu og íslensku sem annað mál. Þeir leikskólar sem eru með um eða yfir 50% barna af erlendum uppruna fá úthlutað viðbótarfjármagn umfram það sem aðrir leikskólar fá. Þetta hafa að mestu verið sömu leikskólarnir ár eftir ár með litlum breytingum. Haustið 2017 voru eftirfarandi leikskólar með hæst hlutfall barna af erlendum uppruna:

- Leikskólinn Miðborg 51%
- Leikskólinn Hólaborg 52%
- Leikskólinn Suðurborg 52%
- Leikskólinn Holt 72%
- Leikskólinn Ösp 73%


Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjórum í leikskólum borgarinnar fluttust 283 sex ára börn yfir í grunnskóla árið 2016 og 304 börn árið 2017. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda þessara barna í sjálfstætt starfandi leikskólum. Heildarfjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar hefur aukist um helming frá árinu 2006 og voru þau haustið 2017 orðin 1310 talsins, sjá mynd nr. 3. Í ljósi þessara upplýsinga er brýnt að standa þarf vel að flutningi þessara barna úr leikskóla og móttöku í grunnskóla en starfshópurinn leggur fram tillögur þar að lútandi.



Mynd nr. 3. Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum 2006-2017

Áætlun um árlega fjölgun barna með annað móðurmál en íslensku til ársins 2030

Kallað var eftir upplýsingum frá Hagstofu Íslands um áætlaðan fjölda barna sem hefja skólagöngu í Reykjavík til ársins 2030, annars vegar á aldrinum 0-5 ára og hinsvegar á aldrinum 6-16 ára sjá myndir nr. 4 og 5. Þar birtast áætlaðar nettó tölur um fjölda barna en það eru erlendir ríkisborgarar sem flytja til landsins að frádregnum þeim sem flytja frá landinu. Árið 2017 hófu um 170 nemendur sem tala íslensku sem annað móðurmál nám við grunnskóla borgarinnar skv. upplýsingum úr *Milli mála*.



Mynd nr. 4. Áætlun um nettó fjölgun barna af erlendum uppruna 0-16 ára í Reykjavík til 2030.

Ár	6-16 ára	0-5 ára
2018	248	164
2019	259	168
2020	265	166
2021	217	130
2022	196	104
2023	160	92
2024	120	80
2025	80	60
2026	73	52
2027	73	47
2028	73	47
2029	73	47
2030	73	47

Mynd nr. 5. Áætlun Hagstofu um fjölda barna af erlendum uppruna í Reykjavík frá 2018-2030.

Hafa verður í huga að um áætlun er að ræða sem byggir á upplýsingum Hagstofunnar um hlutfall erlendra ríkisborgara sem er líklegur til að flytja til og frá landinu á næstu árum. Hlutfall barna á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík er áætlaður 40% af heildarfjölda þessara barna á landinu öllu. Þá ber að

taka tillit til þess að þær upplýsingar sem Hagstofan hefur um fjölda barna með annað móðurmál en íslensku í Reykjavík til ársins 2018 stemma ekki alveg við þær tölur sem SFS hefur undir höndum. Hagstofan nefnir nokkra aðra fyrirvara í áætlanagerð sinni en tölurnar gefa þó ákveðna mynd sem hægt er að horfa til við mótun skipulags á móttöku og aðlögun nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Skýrsla Menntamálastofnunar um greining á stöðu ÍSAT nemenda

Staðan í Reykjavík er um margt svipuð stöðu mála á Íslandi í heild eins og kemur fram í nýrri skýrslu [Menntamálastofnunar frá 2018](#). Þar er lögð fram greining á stöðu nemenda með íslensku sem annað móðurmál í grunnskólum landsins. Í skýrslunni segir að lesskilningi þessara barna og kunnáttu í íslensku sé verulega ábótavant skv. niðurstöðum PISA og rannsóknum sem gerðar hafa verið hérlendis. Í skýrslunni er bent á að fáir nemendur ekki viðeigandi aðstoð muni það bitna á námsframvindu þeirra í öðrum fögum sem aftur hefur áhrif á möguleika þeirra til að sækja nám í framhaldsskóla enda hefur komið í ljós að á Íslandi er brottfall hærra meðal ÍSAT nemenda en þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli. Í skýrslunni er bent á átta atriði sem mögulega geta leitt til úrbóta í málaflöknum en þau eru:

1. **Námskrá** í íslensku sem öðru máli verði endurskoðuð
2. **Námsefni** verði útbúið, aðlagð og gert aðgengilegt hjá Menntamálastofnun
3. **Matstæki og samræmdar mælingar** verði þróað til að mæta þörfum ÍSAT nemenda
4. **Kennaranám og starfsþróun** þarf að efla bæði fyrir starfandi kennara en einnig kennaranema
5. **Rannsóknir** þarf að efla og ekki síst varðandi námsstöðu nemenda sem eru fæddir hér á landi
6. **Móttökuúrræði** vantar þar sem fram fer mat á stöðu nemenda og kenndur er grunnorðaförði
7. **Kennsluráðgjöf** - fjölga þarf sérhæfðum kennsluráðgjöfum sem vinna með ÍSAT kennurum
8. **Móðurmál** -stjórnvöld menntamála þurfa að gefa út leiðarvísi um móðurmál og virkt tvítyngi

Starfshópurinn tekur undir þessi atriði og ítrekar að þó að tillögur hans lúti fyrst og fremst að móttöku nýrra nemenda, sem er einmitt eitt af þeim atriðum sem lögð er áhersla á í skýrslunni, er brýnt að taka höndum saman við yfirvöld um úrbætur í málaflöknum í heild sinni. Það samræmist einnig tillögum SSH hópsins sem fjallað er um í kafla sex. Mikilvægt er að greina á milli verkefna sveitarfélaganna sem bera ábyrgð á móttöku og skipulagi náms barna og þeirra verkefna sem menntamálayfirvöld hafa með höndum s.s. eins og gerð aðalnámskráa, námsefnis, stefnu um móðurmálakennslu, kennaramenntun og matstækja sem nýtast kennurum á landinu öllu.

Að lokum

Eins og staðan er í Reykjavík í dag er móttakan ómarkviss, ekki er stuðst við ákveðna móttökuáætlun, ekki fer fram mat á stöðu nemenda í upphafi, ekki er til staðar námsefni fyrir kennslu grunnorðaförða íslensku og hver og einn skóli er að finna upp hjólið varðandi kennslu þessara barna sem allt of oft fer fram í sérkennslumiðuðum úrræðum og er á ábyrgð sérkennara. Þá vantar að standa betur að upplýsingagjöf á milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila við skólaskil barna með annað móðurmál en íslensku. Það sem kannski helst hefur farið úrskeiðis í þessum málum er að ekki hefur verið unnið jafnt og þétt á undanförunum áratug að því að bæta móttöku og skipulag náms barna með annað móðurmál en íslensku hvorki í Reykjavík né á landsvísu. **Með tillögum starfshópsins um aukinn stuðning við starfstaði vegna móttöku barna sem hefja skólagöngu og tala ekki íslensku og tillögu nr. 7 um bætt verklag og aukið fjármagn vegna kennslu íslensku sem annars máls sem haldist í hendur við fjölda nemenda, er leitast við að leggja betri grunn að námi barnanna og um leið möguleikum á því að þau nái betri fótfestu í íslensku samfélagi.**


3. Börn flóttafólks.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd


Í 27. gr. reglugerðar um útlendinga (540/207) er fjallað um menntun barna. Þar segir að börnum fram að 18 ára aldri skuli tryggð menntun og að „leitast skuli við að mæta þörfum fjölskyldna í þjónustu sveitarfélaga með daggæslu, leikskóla, framhaldsskóla eða öðrum menntaúrræðum“ en auk þess er öllum börnum á grunnskólaaldri skylt að sækja grunnskóla.

Árið 2015 gerði Reykjavíkurborg í fyrsta sinn samning um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og árið 2016 var samningurinn endurnýjaður og stækkaður. Í kjölfarið fjölgaði verulega börnum á leik- og grunnskólaaldri í borginni sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd þó að talsvert hafi dregið úr komu þeirra á þessu ári. Í viðauka við samninginn kemur fram að ákveðið daggjald er greitt fyrir hvert barn en þjónustuþörf hvers barns skuli metin af þjónustuaðila og er þjónusta við börn sem er kostnaðarauki umfram daggjöld gerð upp í lok hvers rekstarárs. Fjármagn vegna barnanna er greitt beint til skólanna og í þeim tilfellum sem þörf hefur verið talin á frekari stuðningi er hann veittur.

2016-2018 hafa 116 börn á grunnskólaaldri hafið skólagöngu í 12 grunnskólum sem staðsettir eru í flestum hverfum borgarinnar. Búseta þessara barna og fjölskyldna þeirra er dreifð um borgina og hefur hún ráðið því hvar þau sækja skóla sjá mynd nr. 7. Lengd skólagöngu þessara barna er mjög misjöfn allt frá því að vera nokkrir dagar og upp í eitt og hálft ár áður en niðurstaða fæst í mál þeirra. Þetta fyrirkomulag veldur því að börnin dreifast á milli skóla sem eru misjafnlega vel í stakk búnir til að mæta þörfum þeirra og þegar þau fá stöðu flóttamanns þurfa þau oft að skipta um skóla og flytja milli hverfa.




Mynd nr. 6. Fjöldi grunnskólabarna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd eftir árgangi.



Mynd nr. 7. Grunnskólar sem hafa tekið á móti nemendum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd 2016-2018.

Teymi á þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða (TUAV³) heldur utan um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Fulltrúi teymisins og tengiliður við fjölskyldur og skóla hefur starfað náið með fjölmenningsarteymi SFS sem hefur mótað verklag vegna móttöku barnanna og skipulagi á skólalastarfi (sjá fylgiskjal nr. 2). Lögð er áhersla á að börn á grunnskólaaldri geti sem fyrst hafið grunnskólagöngu og börn á leikskólaaldri komist strax á biðlista eftir leikskólavist. Börn njóta ekki sjálfkrafa forgangs í leikskóla en hægt hefur verið að sækja um sérstakan forgang telji TUAV þörf á. Frá 2015 hafa 35 börn hafið leikskólagöngu í 14 leikskólum sjá mynd nr. 8.



Mynd nr. 8. Leikskólar sem hafa tekið á móti börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd 2015-2017.

Fjölmenningsarteymi SFS hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í vinnu við að bæta aðgengi þessara barna að menntun í samstarfi við samband sveitarfélaga og fleiri stofnanir og kom m.a. að vinnu við reglugerðina sem vísað er í hér fremst.

³ Teymi um umsækjendur um alþjóðlega vernd

Börn kvótaflóttafólks

Haustið 2016 var tekin ákvörðun um að taka á móti hópi kvótaflóttafólks frá Sýrlandi. Líkt og fyrr samdi borgin við ríkið um framkvæmd verkefnisins en umsýsla þess og bókhald er í höndum Velferðarsviðs borgarinnar. Í fyrsta skipti tóku fulltrúar SFS þátt í samningagerð við ríkið og undirbúningi fyrir komu flóttafólksins til landsins. Í samningagerðinni kom í ljós að kostnaður vegna leik- og grunnskólagöngu barna og verkefna á sviði skólaþjónustu hefur fyrst og fremst verið ákvarðaður af Velferðarráðuneytinu sem nýtir opinberar tölur um kostnað sveitarfélaga til grundvallar. Skrifað var undir samning við ríkið 26. janúar 2017 en lagðar voru fram bókanir varðandi skólamálin sem fulltrúar SFS töldu mikilvægt að skoða sérstaklega.

Hópurinn, tuttugu og einn einstaklingur á aldrinum 1-71 árs kom til landsins í lok janúar 2017. Með í för voru þrjár barnafjölskyldur með tíu börn á aldrinum 1-12 ára. Fjögur börn voru á leikskólaaldri og fóru þau í leikskólana Hamra og Laugasól. Sex börn voru á grunnskólaaldri við komuna til landsins og hófu þau öll nám fyrstu vikurnar í Hamraskóla þar sem sérstakur kennari var ráðinn til starfa auk arabískumælandi brúarsmiðs. Börnin fluttust síðan yfir í heimaskóla sína, Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Hamraskóla, að þessu tímabili loknu en kennari þeirra fór á milli skóla og fylgdi þeim eftir fyrsta árið. Frá árinu 2006 hefur reglulega verið tekið á móti börnum kvótaflóttafólks í Reykjavík en skipulag skólamála og samstarf á milli SFS og VEL vegna þessara mála hefur ekki verið í föstum skorðum og fyrirkomulagið ólíkt eftir því hvaða þjónustumiðstöð hefur séð um verkefnið hverju sinni.

Börn sem fá stöðu flóttafólks og fjölskyldusameiningar

Ákveðið stefnuleysi hefur ríkt af hálfu opinberra yfirvalda vegna þjónustu við þá sem fá stöðu flóttafólks eftir hælismeðferð og einnig vegna þeirra sem hingað koma á forsendum fjölskyldusameiningar ekki síst í tengslum við menntun og skólagöngu. Börn í þessum hópum eru oft innrituð í skóla án þess að fyrir liggji upplýsingar um að þau séu hingað komin á þessum forsendum. Ekki er greitt sérstakt fjármagn frá ríkinu til Reykjavíkurborgar vegna þessara barna og um þau gilda því sömu reglur og öll börn innflytjenda sem fá stuðning í íslensku sem öðru máli en ekki annan stuðning.

Þegar hefur komið í ljós að börn í þessum hópi glíma við margþættar áskoranir en dæmi eru um að þau hafi ekki verið í skóla áður eða hafi upplifað margþætt áföll. Þá hefur orðið misbrestur á því að þjónusta við þau sé í höndum félagsráðgjafa eða annarra stuðningsaðila á þjónustumiðstöðvum og því getur tekið langan tíma að koma málum í réttan farveg bæði varðandi skólagöngu en líka varðandi önnur málefni fjölskyldunnar. Velferðarráðuneytið vinnur nú að samræmdum reglum um þjónustu við flóttafólk óháð því með hvaða hætti það kemur til landsins. Starfshópurinn leggur áherslu á að sérstaklega verði hugað að börnum og skólagöngu í þessu sambandi og ættu tillögur um nýtt verklag við móttöku að tryggja betra utanumhald utan um börn og fjölskyldur í þessum hópi.

Að lokum

Norræna velferðarnefndi gaf snemma á þessu ári út skýrsluna [*School – a Basis for successful inclusion, newly arrived children and young people in the Nordic countries.*](#) Í henni er fjallað um mikilvægi skólans og skólasamfélagsins í gagnvirkri aðlögun barna af erlendum uppruna og fjölskyldna þeirra að samfélaginu. Þar er lögð áhersla á að menntun og skólaganga hafi forvarnargildi umfram aðra þætti þegar kemur að börnum með erfiða félagslega stöðu. Standa þarf vel að móttöku, aðlögun og skipulagi náms í skólanum hjá öllum hópum innflytjenda en ekki síst börnum flóttafólks.

Greining starfshópsins á því hvernig komið er til móts við upphaf skólagöngu barna flóttafólks sýnir að að sú leið sem farin er í dag með að börn sæki skóla háð búsetu og að fjármagn til skóla ráðist eingöngu

af því hvaða börn eru þar í þjónustu hverju sinni fullnægir ekki þörf þeirra fyrir sértæk úrræði sem þurfa einnig að vera til staðar. Sú leið kemur jafnframt í veg fyrir að þekking og reynsla skapist þar sem byggð er upp viðeigandi þjónusta líkt og starfshópurinn fékk að kynna í Noregsferð og í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði eins og fjallað er um í köflum fimm og sex. **Í tillögu nr. 6 leggur hópurinn til að sett verði á laggirnar stoðdeild við einn grunnskóla í borginni þar sem þróað verður starf fyrir börn í 3.-10. bekk sem þurfa sértækan stuðning við að hefja nám í íslenskum grunnskóla. Auk þess leggur hópurinn til að sett verði af stað þróunarverkefni sem hafi að markmiði að efla móttöku, aðlögun og skipulag náms barna þeirra sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Sérstök áhersla verði á að skoða hvernig mæta má þörfum barna með áfallastreituröskun.**

4. Móttökuáætlanir í leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar

Eitt af verkefnum starfshópsins var að yfirfara móttökuáætlanir og útbúa gátlista til að auðvelda notkun þeirra. Eins og áður hefur komið fram er skólum og eða sveitarfélögum skylt að gera móttökuáætlun vegna grunnskólanemenda af erlendum uppruna en ekki er kveðið á um það í lögum um leikskóla. Allar upplýsingar um móttökuáætlanir og annað gagnlegt efni fyrir starfsstöðvar er að finna á innri vef skóla- og frístundasviðs undir <https://innri.reykjavik.is/skola-og-fristundasvid/fjolmenning>.

Leikskólar

Ekki er kveðið á um það í lögum um leikskóla að gerð verði sérstök móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna. Hver og einn leikskóli vinnur móttöku- og aðlögunaráætlun en margir leikskólar styðjast við þátttökuáætlun. Leikskólar hafa getað nýtt sér gátlista og leiðarvísa sem unnir hafa verið til leiðbeiningar. Hjá Leikskólasviði Reykjavíkur var á árunum 2009-2010 útbúið handbók um samstarf fjölskylda og leikskóla, [Fjölskylda og leikskóli, handbók um samstarf](#). Aftast í handbókinni eru tillögur að gátlistum fyrir móttökuvíðtöl með viðbótum vegna barna af erlendum uppruna. Í tengslum við handbókina var gefinn út leiðarvísirinn [Velkomin til samstarfs um leikskólabarnið](#) þitt en hann er til á níu tungumálum og er ætlaður foreldrum. Þá er á fjölmenningsvefnum www.allirmed.is að finna gátlista og gagnleg atriði til að hafa í huga við móttöku barna með annað móðurmál en íslensku undir síðunni [Leikskólabyrjun](#). Í könnun til leikskólastjóra frá árinu 2014 kemur fram að nánast allir nýta túlk í móttökuvíðtölum og leikskólastjórar nýta upplýsingaefni sem gefið er út á erlendum tungumálum fyrir foreldra. Verkefnastjóri fjölmenningsar hefur á hverju vori sent út upplýsingar og/eða boðið upp á fræðslu haldið fund um móttöku og aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku þar sem áhersla er lögð á að fara yfir áætlanir og það efni sem er til. **Starfshópurinn leggur til að settur verði saman rýnihópur leikskólastjóra og leikskólakennara haustið 2018 þar sem farið verði yfir gildandi áætlanir og skoðað hvort tilefni sé til að breyta þeim.**

Grunnskólar

Í 16. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að grunnskólar byggi á móttökuáætlun sveitarfélags eða skóla við móttöku nýrra nemenda sem hefja nám sitt hér á landi í fyrsta sinn. Móttökuáætlun SFS vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunnskóla borgarinnar var endurskoðuð árið 2014 en hana er m.a. að finna á heimasíðu sviðsins undir [Móttökuáætlun](#). Eins og þegar hefur verið bent á er mjög misjafnt á milli grunnskóla hvort þeir styðjast við móttökuáætlun SFS eða ekki. Starfshópurinn hefur farið yfir móttökuáætlunina og útbúið gátlista til einföldunar en hann er að finna í fylgiskjali nr. 3a. Í fylgiskjali 3b. er síðan að finna gátlista vegna könnunar á stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku sem skólar geta stuðst við. **Í tillögu nr. 7 er lagt til að fjármagn til kennslu íslensku sem annars tungumáls verði aukið og haldist í hendur við þróun nemendafjölda og að grunnskólar útbúi heildaráætlun vegna móttöku og skipulags náms ÍSAT nemenda sem hluta af starfsáætlun. Í tillögu nr. 4 er lagt til að grunnskólar með hátt hlutfall ÍSAT nemenda fái**

aukastöðugildi, keyptur verði aðgangur að sænska matstækinu sem verið er að þróa og aðlaga íslenskum aðstæðum (sjá kafla 8) og að aukið verði við stöðugildi ráðgjafa *Miðju máls og læsis* til að hægt verði að sinna mati á stöðu nemenda í upphafi skólagöngu.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar

Starfshópurinn leggur áherslu á að sú móttökuáætlun sem til er vegna móttöku barna með annað móðurmál en íslensku verði lögð til grundvallar þegar tekið er á móti börnum í frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Skv. samþykkt skóla- og frístundaráðs á grundvelli fjölmenningarstefnunnar *Heimurinn er hér*, hafa öll börn í 1-4 bekk aðgang að gjaldfrjálsum frístundaheimilum fyrstu þrjá mánuði eftir að þau koma til landsins. **Tillögur starfshópsins varðandi móttökuáætlanir í frístundastarfið lúta fyrst og fremst að því að alltaf verði kallaður til aðili frá frístundaheimili eða félagsmiðstöð þegar tekið er á móti nýjum nemanda með annað móðurmál en íslensku. Gjaldfrjálst frístundastarf fyrir börn í 1-4 bekk verði kynnt fyrir foreldrum og lögð áhersla á aukið samstarf skóla, þjónustumiðstöðva og frístundamiðstöðva þegar tekið er á móti þessum nemendum.**

5. Móttaka barna innflytjenda og flóttafólks utan Reykjavíkur

Eitt af verkefnum starfshópsins var að kalla eftir upplýsingum um það hvernig staðið væri að móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í öðrum sveitarfélögum á landinu. Eins og kemur fram í áður nefndri greiningu [Menntamálastofnunar á stöðu ÍSAT nemenda á Íslandi](#) þarf að endurskoða þau móttökuúrræði sem þegar eru til staðar og vinna að því að þróa mat á stöðu nemenda við upphaf grunnskólagöngu. Sveitarfélögin Árborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær hafa átt frumkvæði að þróunarverkefni um þýðingu og innleiðingu á sænsku stöðumatstæki hér á landi, í samstarfi við Menntamálastofnun. Hópurinn fékk kynningu á matstækinu sem felur í sér nokkuð nákvæmt stöðumat í upphafi skólagöngu en nánar verður fjallað um það í kafla nr. 8.

Ekki er hægt að nálgast upplýsingar um það á einum stað hvernig staðið er að móttöku og skipulagi náms barna með íslensku sem annað mál í leik- og grunnskóla á Íslandi. Haft var samband við stærstu sveitarfélögin og kannað með hvaða hætti er staðið að málum þar. Greinilegt er að þróunin á síðustu árum hefur víðast hvar verið á þá leið að horfið er frá því að hafa einn móttökuskóla í fjölmennustu sveitarfélögunum en leitast við að börn fari strax í heimaskóla. Undantekning frá þessu er að í Hafnarfirði hefur verið sett á laggirnar móttökudeild í Hvaleyrarskóla fyrir börn umsækjenda um alþjóðlega vernd sjá hér fyrir neðan.

Í fjölmennari sveitarfélögunum, Akureyri, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og í Árborg geta skólar leitað til kennsluráðgjafa innan skólaskrifstofu með þekkingu á málefnum nemenda með annað móðurmál og fengið stuðning við að skipuleggja móttöku og nám nýrra nemenda. Þar hafa víða verið öflugir kennsluráðgjafar sem til viðbótar við að styðja skólana og veita ráðgjöf hafa sinnt kennslu og námsefnisgerð. Önnur sveitarfélög hafa getað leitað til sérfræðings á vegum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en staða þess ráðgjafa var nýverið flutt frá þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða yfir í Menntamálastofnun. Að mati flestra kennsluráðgjafa þarf að bæta vinnu með innflytjendum í skólum á Íslandi líkt og kemur fram í skýrslu Menntamálastofnunar. Mikil áhersla er lögð á mikilvægi þess að fá samræmt matstæki enda mjög takmarkað hvort og hvernig staða nemenda er metin í upphafi skólagöngu. Einnig kemur fram mikilvægi þess að bæta upplýsingagjöf á milli leikskóla og grunnskóla við skólaskil fjöltyngdra nemenda. Þá tala kennsluráðgjafar um nauðsyn þess að virkja betur umsjónarkennara og alla aðra kennara í skólunum til þess að vinna með nemendum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál.

Móttökudeild fyrir umsækjendum um alþjóðlega vernd í Hvaleyrarskóla.

Fulltrúar úr hópnum heimsóttu Hvaleyrarskóla og fengu kynningu á móttökudeild fyrir umsækjendum um alþjóðlega vernd sem er enn í þróun. Helstu ástæður þess að deildin var sett á laggirnar var reynsla


kennsluráðgjafa í Hafnarfirði af því að taka á móti nemendum í þessari stöðu og nauðsyn þess að skipuleggja nám þeirra með markvissum hætti og ekki alltaf á sama hátt og annarra. Þá eru langflestir nemendur í þessari stöðu í Hafnarfirði búsettir á sama stað nálægt Hvaleyrarskóla þannig að auðvelt er fyrir þá að sækja nám þar. Skólinn er með fjölmenningsstefnu og í móttökudeildinni er lögð áhersla á nám án aðgreiningar að börn einangrist ekki og taki sem fyrst þátt í almennu skólasterfi í skólanum. Þannig fara þau í verklegar greinar mjög fljótt og aðrar greinar eftir því sem öryggi þeirra og íslenskukunnátta eykst.

Í móttökudeildinni er lögð áhersla á að skapa umhverfi sem veitir öryggi, festu og nám við hæfi nemenda sem oft hafa að baki skerta skólagöngu. Mikil áhersla er lögð á að styðja við foreldra og veita góðar upplýsingar um íslenskt skólasamfélag og að foreldrar læri á íslenskt skólakerfi. Skólinn hefur því þannig orðið miðpunkturinn í lífi fjölskyldnanna, þangað kemur félagsráðgjafi, leitast er við að taka strax á þeim málum sem upp koma og starfsfólk fær reglulega handleiðslu frá sálfræðingi sem er sérfræðingur í málefnum flóttafólks.

Gert er gert ráð fyrir að frá og með hausti 2018 verði 3 kennarar í fullu starfi við deildina auk stuðningsfulltrúa í 70% starfi og deildarstjóra í 80% starfi. Í vetur hafa um 15-20 börn sótt deildina hverju sinni en mikil hreyfing er á nemendum þar sem mörg þeirra eru send til baka til heimalands eða fyrsta viðkomustaðar í Evrópu á grundvelli Dyflinar reglugerðarinnar. Einhver þeirra hafa fengið stöðu sem flóttamenn og alþjóðlega vernd á Íslandi en þau börn flytja flest í aðra skóla enda þurfa fjölskyldur sem fá stöðu sem flóttamenn að flytja í annað húsnæði innan fárra vikna eftir að staðan er veitt.

Deildin er starfrækt fyrir það fjármagn sem greitt er frá ríkinu á grundvelli sammings um þjónustu Hafnarfjarðar við umsækjendur um alþjóðlega vernd en Hafnarfjarðarbær greiðir móttframlag til deildarinnar þannig að hægt sé að tryggja fastar stöður kennara og stjórnenda óháð fjölda nemenda hverju sinni. Í einhverjum tilfellum hafa aðrir nemendur sem ekki eru umsækjendur um alþjóðlega vernd en þurfa mikinn stuðning við nám á íslensku getað fengið stuðning í deildinni.

6. Móttaka barna innflytjenda og flóttafólks í skóla á Norðurlöndum



Í skýrslunni [*School a Basis for successful inclusion, newly arrived children and young people in the Nordic countries*](#) er borið saman hvernig staðið er að móttöku

og menntun barna innflytjenda og flóttafólks á norðurlöndunum. Í skýrslunni eru viðtöl við rannsakendur, sérfræðinga og kennara sem miðla af reynslu sinni og þekkingu í málefnum barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Lögð er mikil áhersla á að í leikskólum og grunnskólum sé lagður grunnur að gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og annarra og því þurfi að líta á skólaumhverfið sem vettvang móttöku, aðlögunar og menntunar fyrir nýkomnar fjölskyldur. Að mati viðmælenda er lykilatriði að meta fyrri reynslu, styrkleika og stöðu í námi um leið og nemendur hefja skólagöngu og hafa þegar verið útbúin verkfæri til að framkvæma slíkt mat í flestum löndunum. Úrræði á grundvelli slíks mats þurfa hinsvegar að liggja fyrir til að matið hafi tilgangi, vera fjölbreytt og henta ólíkum börnum og ólíku skólaumhverfi. Á bls. 32-36 er farið yfir skipulag og réttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd til skólagöngu en í öllum löndunum er lögð áhersla á að þeim standi til boða að sækja skóla þó að útfærslan sé mismunandi eftir löndum. Á bls. 6-7 er bent á lykilatriði frá viðmælendum varðandi þróun skólasterfs fyrir börn innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd en þau telja mikilvægt að:

- Byggt sé á styrkleikum og þekkingu barna og byggðar upp miklar væntingar til þeirra. Grundvöllur að því að hægt sé að skipuleggja stuðning við börnin með markvissum hætti sé að áður fram fari mat á námslegri og félagslegri stöðu.

- Vinna að því að börn og ungmenni fái tækifæri til að viðhalda eigin menningu samhliða því að kynnast og aðlagast nýju samfélagi en rannsóknir hafa sýnt að það styrki sjálfsmýnd barna, félagsleg tengsl og móti grunn að gagnvirkri aðlögun
- Skapa tækifæri fyrir foreldra til að taka þátt í menntun barna sinna
- Fræða kennara um sálræna erfiðleika þannig að nemendur sem þurfa aðstoð fái réttan stuðning
- Koma á viðtæku samstarfi við aðila utan skólans, skólaþjónustu, velferðarþjónustu og aðra samfélagsþjónustu

[Þekkingarheimsóknir á vegum SSH skólaárið 2017](#)

Árið 2017 fóru hópar kennara og kennsluráðgjafa frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í þekkingarheimsóknir til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar til að skoða með hvaða hætti er unnið með börn innflytjenda og flóttafólks í grunnskólum. Ferðirnar voru skipulagðar af samstarfshópi um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu. Til að miðla niðurstöðum úr ferðunum þremur voru haldnir opnir fræðslufundir á vorönn 2018 en von er á lokaskýrslu hópsins fljótlega. Um var að ræða ferð styrkta af ERASMUS+ og átti Reykjavíkurborg nokkra fulltrúa í hópnum. Í kjölfarið var skólamálanefnd SSH send ályktun sem felur í sér ákall um frekari stefnumótun í málaflokknum sjá fylgiskjal nr. 6.

Ólíkt er eftir löndunum þremur og einstaka sveitarfélögum hvaða stefnu og verklag þau hafa sett sér varðandi nám barna innflytjenda og flóttafólks. Í stærrí sveitarfélögum og öllum höfuðborgum eru staðsettar tungumálamiðstöðvar n.k. móttökumiðstöðvar sem eru fyrsti viðkomustaður allra barna sem eru nýkomin til landsins. Í móttökumiðstöðunum fer fram mat á stöðu barnanna og kynning á þeim úrræðum sem eru í boði. Á grundvelli matsins eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir nemendur og er það ýmist í höndum skólanna eða ráðgjafa og stuðningsaðila utan skólans. Framhaldið ræðst af því hvernig börnin standa námslega og félagslega en það getur falist í að nemandi fari í almennan bekk með stuðningi, móttökudeild í sveitarfélaginu, móttökubekk í heimaskóla, nokkurra vikna grunnnámskeið í nýja tungumálinu, sérskóla eða annað. Sérstakt nám er fyrir þá sem ekki kunna að lesa á móðurmáli sínu og eru að koma til landsins á mið- eða unglíngastigi. Markmiðið er alltaf að nemandinn stundi nám í almennum bekk þegar hann hefur forsendur til og að nám í sérúrræðum vari ekki of lengi. Algengt er að nemendur í 1-3 bekk fari beint í heimaskóla en lögð áhersla á að nemendur sem koma inn í unglíngadeildir, ekki síst þeir sem koma inn á síðasta ári grunnskólans, fái markvissa menntun þetta síðasta ár og hljóti stuðning við að hefja nám í framhaldsskóla. Þessir nemendur fara almennt ekki í almennan skóla. Í Noregi til að mynda er sérstakur brúarskóli á milli grunn- og framhaldsskóla fyrir þá sem koma til landsins í 10 bekk og eru ekki nægilega vel undir framhaldsskóla búnir.

Í Noregi er búið að setja ákvæði um kennslu norsku sem annars máls og í Svíþjóð er móðurmálskennsla fyrir nemendur með sænsku sem annað mál bundin í lög. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er lögð áhersla á að byggja brú úr móðurmáli barna yfir í nýja málið og veittur stuðningur við nám á móðurmáli eða sterkasta tungumáli nemandans en í Danmörku er minni áhersla lögð á móðurmálið þó að það sé mjög misjafnt eftir sveitarfélögum og skólum.

Víðast hvar er lögð áhersla á samstarf við foreldra þar sem skólinn þjónar líkt og vettvangur fyrir samfélagsfræðslu og gagnvirkri aðlögun, foreldrar fá fræðslu og samtal um skólamenningu, hlutverk og ábyrgð foreldra. Á öllum norðurlöndunum hefur börnum flóttafólks fjölgað mjög mikið en þessi fjölgun hefur kallað á nýja starfshætti varðandi móttöku og aðlögun með það að markmiði að tryggja sem best virka þátttöku þeirra í nýju samfélagi. Athyglisvert er hversu fjölbreytt úrræði eru í boði, hversu góð matstæki eru fánleg til að meta stöðu og byggja á styrkleikum og fyrri þekkingu nemenda í áframhaldandi námi. Þá vakti athygli hversu mikinn stuðning skólar fá frá stoðþjónustu bæði í formi

ráðgjafar en einnig í tengslum við símenntun, endurmenntun, námsefni og önnur úrræði sem nýtt eru til kennslu þessara barna en allstaðar eru það menntamálayfirvöld í landinu sem sinna námsefnisgerð, útbúa kennsluáætlanir og stuðningsefni fyrir kennara. Hópurinn lagði fram eftirfarandi tillögur að úrbótum hérlandis:

- Lögð verði fram skýr stefna ríkis- og sveitarfélaga varðandi málefni barna af erlendum uppruna
- Mótað verði sameiginlegt verklag sveitarfélaga varðandi móttöku og nám nemenda
- Allir nýkomnir nemendur fari í stöðumat við komu til landsins, ráðgjöf og bjargir fylgi til kennara
- Nemendum sé tryggt nám við hæfi á grundvelli stöðumats
- Nemendum standi til boða móðurmálskennsla eða stuðningur við nám á móðurmáli
- Aðalnámsskrá í íslensku sem öðru máli verði endurskoðuð og bætt
- Sveitarfélög bjóði upp á mismunandi námsúrræði (hópurinn fjölbreyttur og ólíkur)
- Lögð veri áhersla á að byggja upp sérþekkingu á málefnum barna af erlendum uppruna í sveitarfélögum.
- Gefið verði út fjölbreytt námsefni í íslensku sem öðru máli
- Í grunnnámi kennara verði kennsla tví/fjöltungdra nemenda og fjölmennningarlegir kennsluhættir skylduáfangar
- Komið verði á fót kennaranámi í íslensku sem öðru máli, ÍSAT kennarar
- Tryggt verði að foreldrar fái fræðslu um íslenskt skólakerfi

Heimsókn starfshópsins til Noregs 14. og 15. mars 2018

Í ferð starfshópsins til Noregs voru heimsóttir skólar í Asker, Bærum og Osló og tungumálamiðstöðin í Osló. Hér fyrir neðan er stutt samantekt úr heimsóknunum.

Borgen skólinn í Asker er unglingskóli fyrir nemendur í 7-10 bekk. Þar er starfrækt móttökudeild fyrir flóttabörn og umsækjendur um alþjóðlega vernd á aldrinum 12-16 ára sem búsett eru í sveitarfélaginu Asker. Flest þessara barna eru fylgdarlaus og án foreldra eða fjölskyldu og búa á gistiheimili eða hjá fósturfjölskyldum. Í deildinni voru 25 nemendur en þeim sinntu 5 kennarar, tveir í hlutastarfi. Til samanburðar voru 45 nemendur á síðasta ári og þá voru jafnmargir kennarar í hópnum. Lögð er áhersla á að byggja upp og viðhalda þekkingu og reynslu í vinnu með umsækjendum um alþjóðlega vernd og skapa skólanum góð skilyrði til að sinna menntun barnanna. Tölvur og tækni er mikið notuð í skólanum, til að mynda fær hver nemandi tölvu til eigin afnota og nemendum er veittur stuðningur á móðurmáli eins lengi og þurfa þykir. Reynt er að meta stöðu nemenda við komu í skólann með því matstæki sem skólar í Noregi hafa aðgang að en það matstæki er ekki fullnægjandi þó að það sé gagnlegt að mörgu leyti.

Í Evje skólanum í Bærum er móttökuskóli fyrir nýkomna nemendur í 3.-10. bekk. Skipulagið er ólíkt eftir því hvort börn eru með mikla skólareynslu eða ekki. Mikil áhersla er lögð á að vinna markvisst með grunnorðaforða í norsku og strax er byrjað á því að aðlaga nemendur inn í heimaskóla en algengt er að þau fari í heimsókn þangað og sækja frístundastarfið einhverja daga í viku. Byggt er á styrkleikum barna og kunnáttu og stuðlað að sterkri sjálfsmynd nemenda. Sem dæmi má taka þá kynntu nemendur fyrir hópnum heimaland sitt, menningu og tungumál á norsku þó að sum þeirra væru ekki búin að vera í skólanum nema í nokkrar vikur. Kennarar og stjórnendur í Evje skólanum veita ráðgjöf og stuðning inn í heimaskóla nemenda en þar eru áhyggjur af því að þó að móttakan sé góð þá taki heimaskólarnir ekki alltaf nægilega mikla ábyrgð á áframhaldandi námi barna. Í Bærum er lögð mikil áhersla á að styðja við nám barna í gegnum móðurmál eða sterkasta mál barnanna fyrstu 2 árin eftir komu til landsins.

Möllergata skole í Osló hefur mikla sérstöðu en þar er um 85% nemenda með annað móðurmál en norsku og félagsleg staða nemenda og foreldra er almennt viðkvæm. Í skólanum eru 260 nemendur í 1.-7. bekk. Skólinn hefur langa sögu um slakan árangur nemenda. Árið 2012 var ráðinn þangað nýr skólastjóri sem fékk það verkefni að byggja upp nám og kennslu fyrir nemendur í skólanum og styrkja ímynd hans. Fjármagn til skólans var aukið umfram það sem gerist í öðrum skólum með sama nemendafjölda og stoðkerfi innan sem utan skólans hefur verið eft. Mikill viðsnúningur hefur orðið á stöðu nemenda og hefur árangur skólans vakið athygli en það hefur m.a. dregið að sér nemendur úr félagslega sterkari aðstæðum. Allir nemendur í 1.-3. árgangi fara beint í umsjónarbekk en nemendur í 3-7 bekk fara í sérstaka móttökubekki fyrstu vikunnar eða mánuðina. Eftirfarandi atriði vöktu sérstaka athygli hópsins:

- tungumálateymi fimm kennara sem hittast á tveggja vikna fresti og leiða fagleg vinnubrögð varðandi norskukennsluna sem er í stöðugri endurmótun
- lestrarkennari sem hefur það eina hlutverk að fara á milli bekkja og kenna lestur
- starfsaðferðir og kennsluhættir eru samræmdir á milli allra kennara, kennarar starfa í teymi og skipuleggja alla kennslu á grundvelli mats og stöðu nemenda sem er stöðugt í endurskoðun
- stjórnendur hitta kennarateymi á 6 vikna fresti til að fara yfir stöðu nemenda.
- lítið er á nemendur sem getumikla og gerðar miklar kröfur til þeirra, ef nemendur ná ekki árangri þarf að bæta starfsaðferðir, allir nemendur geta lært
- allar kennslustundir eru mjög vel skipulagðar og börn vinna í litlum hópum þar sem hlutverk kennara er mjög skýrt, allir kennarar eru norskukennarar
- gjaldfrjáls dvöl á frístundaheimili fyrir börn í 1.-3. bekk og frá hausti 2018 fyrir öll börn í 1.-4. bekk
- frístundastarfið er samþætt skólastarfinu með þeim hætti að kennarar og frístundaleiðbeinendur funda reglulega og vinna saman námsáætlanir þar sem m.a. er lögð áhersla á að vinna með orðaforða úr faggreinum í frjálsum leik, spilum og óformlegu námi í frístundaheimilnum. Gerðar eru áætlanir fyrir hverja viku, mánuð, misseri og heildarmarkmið fyrir árið.
- félagsráðgjafi er í fullu starfi innan skólans


Hópurinn taldi hinsvegar sérstakt hversu lítil áhersla var lögð á fjölmenningarlega starfshætti, lítil áhersla var á stuðning við móðurmál nemenda og lítið sem ekkert samstarf var við foreldra.

Heimsókn í Spráksenter/tungumálamiðstöðina í Osló

Tungumálamiðstöðin í Osló er tímabundið staðsett á sömu skólalóð og Möllersgata skólinn vegna viðgerða á eigin húsnæði en vegna sérstöðu skólans og þróunarstarfs starfar hann lítið með tungumálamiðstöðinni ólíkt flestum skólum í borginni. Upplýsingar um alla nýja nemendur sem koma í aðra skóla í Osló eru sendar til tungumálamiðstöðvarinnar sem tekur á móti nemendum í 3.-10. bekk. Í miðstöðinni er verið að þróa mat og könnun á stöðu nemenda en matstækið byggir á því sem þegar hefur verið til í Noregi sem og sænska matstækinu sem verið er að þróa frekar í miðstöðinni. Þróun matstækisins fer fram í samstarfi við hóp rannsakenda en nú þegar hefur sá hluti matsins sem er tilbúinn verið þýddur á 55 tungumál. Skipulagið er í grófum dráttum með eftirfarandi hætti:

1. Nemendur eru innritaðir í heimaskóla og gefinn tími í fyrsta viðtal hjá Tungumálamiðstöðinni. Í skólanum er safnað saman grunnupplýsingum um fyrri skólagöngu, kunnáttu í ensku og í hvaða tungumáli nemandinn er sterkastur. Reynslan er sú að það er ekki alltaf móðurmál nemenda þar sem sumir nemendur hafa verið á flakki á milli landa, aðrir hafa verið flóttamannabúðum jafnvel í lengri tíma og náð tökum á tungumáli viðkomandi lands.

2. Næsta skref er að funda með nemanda og fjölskyldu í tungumálamiðstöðinni. Hver fundur er um þriggja klukkustunda langur, honum stýrir kennari frá miðstöðinni og ávallt er túlkur viðstaddur. Fundirnir eru þrískiptir:
 - a. Fyrst er byrjað á um klukkustundarfundi með foreldrum þar sem farið er yfir almenna þekkingu og reynslu.
 - b. Næst er um tveggja tíma matsfundur með barni og túlki þar metnir eru þættir eins og lestrarkunnátta, skriftarkunnátta, samfélagsleg þekking (landafræði, saga, samfélagsfærni) enska og stærðfræði á móðurmáli barnanna. Matið er lagt upp eins og leikur en ekki sem próf.
 - c. Að lokum eru niðurstöður kynntar fyrir foreldrum og farið yfir næstu skref. Foreldrar skrifa undir og samþykkja ákvörðun um framhaldið áður en fundi líkur.
3. Úrræði í kjölfarið eru mjög fjölbreytt en byggja öll á norskum lögum og [reglugerð um sérstaka norskukennslu fyrir nýkomna nemendur](#). Um er að ræða að nemandi fari í móttökubekk, „alfabekk“ þar sem boðið er upp á lestrarkennslu fyrir ólæsa nemendur á mið- og unglingastigi, heimaskóla með stuðningi í gegnum móðurmál, nám í tungumálamiðstöðinni eða móttökuskóla. Öllum nemendum býðst að sækja viku hraðnámskeið í grunnorðaförða á norsku í tungumálamiðstöðinni. Nemendur ferðast á milli staða með almenningssamgöngum. Þá heldur tungumálamiðstöðin utan um sérhæfða móttökudeild fyrir nemendur á mið- og unglingastigi en lögð er áhersla á að nemendur séu ekki þar nema í 3-6 mánuði. Náið er unnið með heimaskólum nemendanna og fara þeir þangað í heimsókn einn dag í viku. Nemendur sem koma inn á síðasta ári grunnskólans fara ekki í heimaskóla en tungumálamiðstöðin vinnur að því að brúa bilið fyrir þá nemendur yfir í framhaldsskóla. Á mynd nr. 8. má sjá yfirlit yfir skipulag tungumálamiðstöðvarinnar en val um námsleið er alltaf endanleg ákvörðun foreldra þó að þeim sé bent á hvað henti börnunum best.



Mynd nr. 8. Yfirlit yfir skipulag Spraksenter í Osló fyrir nýkomna nemendur.


Að lokum

Það sem hópurinn telur einkennandi fyrir skipulag og framkvæmd mála á norðurlöndunum er hversu ríka ábyrð menntamálayfirvöld taka varðandi málefni barna innflytjenda og flóttafólks. Stefnumótun er víða mun lengra komin en hérlendis og í aðalnámskrám beggja skólastiga er lögð meiri áhersla á kennslu annars tungumáls og stuðning við nám barna innflytjenda flóttafólks og hælisleitenda en hér er gert. Þá er margt hægt að læra af því hvernig staðið er að mati á fyrri þekkingu og reynslu nýkominna barna í skólakerfið og hversu fjölbreytt og sérhæfð úrræði eru til staðar sem miða að því að koma til móts við nemendur í mjög ólíkum aðstæðum. Sérstaklega er athyglivert að skoða hvernig staðið er að skipulagi og stuðningi í Möllergata skolen í Osló en sá skóli er um margt líkur Fellaskóla. Á norðurlöndunum líkt og hérlendis og víða um heim er hinsvegar enn verið að glíma við að skipuleggja áframhaldandi nám barna með þeim hætti að þau nái sterkari félagslegum og námslegum árangri. **Starfshópurinn tekur heilshugar undir tillögur hóps á vegum SSH til úrbóta hérlendis sem fjallað er um auk þess sem allflestar tillögur hópsins hér að framan lúta beint að því hvernig standa megi betur að móttöku barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd og skipuleggja stuðning við áframhaldandi nám og félagslega aðlögun í reykvísku skóla- og frístundastarfi.**

7. Árbæjarmódelið - Velkomin í hverfið þitt

Veturinn 2016 – 2017 var farið í tilraunverkefni í Árbæ þar sem Árbæjarskóli, Frístundamiðstöðin Ársel og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts unnu að móttöku nýrra nemenda. Verkefnið var unnið í kjölfar tillögu ungmennaráðs Reykjavíkur sem lagði til að stuðningsnet jafnaldra yrði hluti af móttökuteymi grunnskóla Reykjavíkur. Árbæjarmódelið er afurð þessa tilraunaverkefnis sem hefur gefið góða raun.

Móttökuáætlun Árbæjarhverfis



Mynd nr. 9. móttökuáætlun Árbæjarhverfis vegna nýkominna grunnskólanemenda

Fyrsti viðkomustaðurinn er grunnskólinn þar sem nemandinn er innritaður í skólann. Aðstoðarskólastjóri hefur samband við tengilið á þjónustumiðstöðinni og á frístundamiðstöðinni þar sem fundartími móttökuvíðtals er ákveðinn. Í móttökuvíðtali með nemenda og forráðamanni situr aðstoðarskólastjóri, fulltrúi þjónustumiðstöðvar og fulltrúi frístundamiðstöðvarinnar. Að fundi loknum

er boðað til nýs fundar innan fjögurra vikna til að fara yfir stöðu mála. Þegar fundi í skólanum er lokið er haldið í frístundamiðstöðina. Þar er starfsemi frístundaheimilisins Töfrasel kynnt og félagsmiðstöðin Tían er með kynningu. Rík áhersla er lögð á að vera með einstaklingsmiðaða nálgun á félagsstarf fyrir nemendur á öllum aldri. Að lokum er þjónustumiðstöðin heimsótt þar sem fram fer kynning á hverfinu og starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar fyrir fjölskylduna. Kynntar eru stofnanir í hverfinu og hvaða frístundastarf er í boði fyrir börn og unglinga. Einnig er skoðaður möguleiki á fyrsta viðtali við félagsráðgjafa ef þörf krefur ásamt annari persónulegri/fjölskylduþjónustu. Að þessum kynningarfundum loknum er ákveðinn nýr fundur sem halda skal innan fjögurra vikna. Á þann fund koma fulltrúar grunnskóla, frístundamiðstöðvar og þjónustumiðstöðvar með foreldrum og nemanda til að fara yfir hvernig gengur og hvernig er hægt að styðja betur við móttöku. Ávallt er notast við tülkaþjónustu.

„Velkomin í hverfið þitt“ er samofið móttökuáætlun grunnskóla sem kveður á um að kalla inn helstu samstarfsaðila sem koma að velferð barna og unglinga þ.m.t frístundamiðstöðina. Verkefnið felur í sér auknar kröfur á hlutverk þjónustumiðstöðva þar sem fastur tengiliður þess mun sinna veigamiklu hlutverki. Mikilvægt er að horfa til þess hvernig unnt er að tengja nýjar fjölskyldur og börn þeirra inni helstu stöðir hverfisins þ.m.t skipulagt íþrótt- og frístundastarf og menningarhús/borgarbókasafn. Mikilvægt er að horfa til þess hvernig unnt er að tengja nýjar fjölskyldur og börn þeirra við helstu stöðir hverfisins þ.m.t skipulagt íþrótt- og frístundastarf og menningarhús/borgarbókasafn.

Í dag eru starfandi verkefnastjórar í forvarnar- og félagsauð við hverja þjónustumiðstöð sem yrðu heppilegir aðilar í þessu verkefni. Það liggur hins vegar fyrir að þörf er á að meta umfang ákveðna hverfa vegna fjölda nýrra íbúa. Verkefnið hefur þegar verið kynnt fyrir Velferðarsviði og framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðva.

Starfshópurinn leggur fram tillögu um að „Velkomin í hverfið þitt“ verði innleitt inn í öll hverfi borgarinnar þar sem lögð er áhersla á heildræna nálgun móttöku nýrra fjölskylda í hverfið. Að verkefninu komi fulltrúar grunnskóla sem er fyrsti áfangastaður í móttökunni, fulltrúar leikskóla ef það er barn á leikskólaaldri, fulltrúi frístundamiðstöðvarinnar og fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar. Sérstaklega verði hugað að fjölskyldum í viðkvæmri stöðu.

8. Matstæki í þróun

Eins og áður hefur komið fram hafa sveitarfélögin Árborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær unnið að þróun á sænska matstækinu sem nýtt hefur verið til að leggja fyrir nýkomna nemendur þar í landi. Menntamálastofnun hefur þegar sótt um leyfi til að þýða matstækið og er um samstarfsverkefni á milli stofnunarinnar og sveitarfélaganna að ræða. Starfshópurinn fékk kynningu á matstækinu en gert er ráð fyrir því að fyrsti hluti þess verði þegar prufukeyrður í sveitarfélögunum þremur skólaárið 2018-2019.

Matstækið skiptist í fjóra þætti:

- **Innritunarviðtal - móttökuáætlun**
- **Stöðumat 1. stig – fyrri þekking og reynsla.** Viðtalið tekur um 60 mínútur og er forráðamaður alltaf með. Tülkað er á sterkasta tungumáli nemandans en í viðtalinu er könnuð fyrri þekking og reynsla nemandans t.d. varðandi tungumálkunnáttu, skólagöngu, styrkleika o.fl. Markmiðið er að styðja skólana í að staðsetja nemendur hvað varðar fyrri þekkingu og reynslu en niðurstöðurnar auðvelda kennurum að skipuleggja áframhaldandi nám nemandans út frá styrkleikjum hans og þörfum.
- **Stöðumat 2. stig – læsi og talnaskilningur.**
 - Stöðumat í læsi felur í sér að kannað er hvar nemandinn stendur í læsi á eigin tungumáli/tungumálum og niðurstöðum skipt í tvennt:
 - A: Nemandi sem er skammt á veg kominn í lestri og ritun

- B: Nemandi sem er læs og skrifandi
- Skoðaður er talnaskilningur nemenda og er stöðumatinu skipt í tvo flokka eftir aldri:
 - A: Nemendur sem eru yngri en 9 ára
 - B: Nemendur sem eru 9 ára og eldri
- **Stöðumat 3. stig** - kunnátta í faggreinum, t.d samfélagsfræði. Markmiðið hér er að kanna kunnáttu nemandans í faggreinum skólans svo sem ensku, sögu, stærðfræði, líffræði ofl.

Skipulagið í tengslum við sænska matstækið er með þeim hætti að þegar mat hefur farið fram eru niðurstöður nýttar til að skipuleggja framhaldið. Kennarar fá einstaklingsáætlanir með nemendum og ráðgjöf t.d. hvað varðar skipulagningu kennslu, námsefni, tímafjölda sem nemandinn þarf, móðurmálskennslu, brúarsmíði eða stuðning við nám á móðurmáli eða annað það sem talið er þurfa til að nám í nýju landi gangi sem best.

Í tillögu nr. 4 leggur starfshópurinn til að um leið og sænska matstækið verði tilbúið til notkunar í íslenskum skólum verði keyptur aðgangur að því. Ráðgjafar *Miðju máls og læsis* haldi utan um matstækið, þrói verklag um fyrirlögn þess og veiti skólum leiðsögn og ráðgjöf um skipulag námsúrræða að loknu mati.

Þá leggur starfshópurinn til að farið verði í samtal við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu SSH um að efla samráð kennsluráðgjafa sem hafa með málaflokkinn að gera og þróa samræmt verklag vegna móttöku nýrra nemenda. Byggt verði á því matstæki sem nú er í þróun hjá sveitarfélögunum Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ í samstarfi við Menntamálastofnun.

Heimildir:

Anna Gärdegård et. al. (2018). School a basis for successful inclusion. Sótt af:

<https://nordicwelfare.org/en/publikationer/school-a-basis-for-successful-inclusion/>

Hulda Karen Daniélsdóttir og Hulda Skogland. (2018). *Staða grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál. Greining á stöðu og tillögur um aðgerðir*. Sótt af:

https://www.mms.is/sites/mms.is/files/isat-nemendur-greining_feb_2018_-_15.02.2018.pdf

Leikskólasvið Reykjavíkur. (án ártals). *Fjölskylda og leikskóli. Handbók um samstarf*. Sótt af:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefud_efni/handbokumforeldrasamstarf_0.pdf

Reglugerð um útlendinga 540/2017 <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/dmr/nr/20605>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (2014). *Heimurinn er hér. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennarlegt skóla- og frístundastarf*. Sótt af:

https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolemnningarstefna_uppsett.pdf

Erindisbréf starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarf.

Heiti vinnuhóps: Starfshópur um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarf.
Ábyrgðarmaður Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS
Hlutverk: Móta verklag um stuðning við starfsstöðvar SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.
Helstu verkefni: Verkefni hópsins eru m.a. að: <ul style="list-style-type: none">• Kanna með hvaða hætti nágrannalönd okkar standa að móttöku og aðlögun barna og ungmenna úr hópi innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.• Kanna hvaða próf og matstæki eru nýtt í nágrannalöndum og eða öðrum sveitarfélögum á Íslandi til að skoða stöðu þessara barna við upphaf skólagöngu með tilliti til stöðu í móðurmáli, námslegrar stöðu, heilsufarslegra þátta og velferðar og hvernig þær niðurstöður eru nýttar til að stuðla að sem farsælastri skólabyrjun/skólagöngu• Kanna með hvaða hætti er stutt við skóla- og frístundabyrjun barna úr hópi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd þar sem skólaganga hefur verið rofin eða takmörkuð og þar sem börn glíma við áfallastreitu, kvíða eða vanlíðan• Fara yfir móttökuáætlanir í skóla- og frístundastarfi, útbúa gátlista sem einfalda nýtingu þeirra við móttöku og aðlögun þessara barna og byggir á nýju verklagi• Skoða með hvaða hætti hægt er að nýta og kynna verklag um móttöku og aðlögun nýrra nemenda í Árbæjarhverfi í öðrum hverfum borgarinnar• Undirbúa breytt verklag varðandi stuðning við starfsstaði SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd• Leggja fram áætlun um innleiðingu verklags um stuðning við starfsstaði SFS vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd
Fulltrúar í hópi: Fjölmenningatrymi SFS: <i>Fríða B. Jónsdóttir, Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Dröfn Rafnsdóttir</i> Fulltrúi skólastjóra Fulltrúi frístundastarfs Fulltrúi þjónustumiðstöðvar Fulltrúi teymis um alþjóðlega vernd á PMVH
Formaður vinnuhóps: Fríða B. Jónsdóttir Starfsmaður vinnuhóps: Dagbjört Ásbjörnsdóttir
Ráðgjöf/samstarf: <ul style="list-style-type: none">• Aðrir starfsmenn sviðsins sem þekkja til viðfangsefnisins eða eru hagsmunaðilar• Aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar þar sem er snertiflötur• Sérfræðingar í málefnum barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd á vegum háskólastofanana, annarra stofanana og sveitarfélaga• Spráksenter í Osló• Móðurmálssetur Lundi
Starfstímabil: 25. janúar 2018 – 1. júní 2018.
Skil: Drög að nýju verklagi og áætlun um innleiðingu þess skilað til framkvæmdarstjórnar Skóla- og frístundasviðs.



Upplýsingar og verklag fyrir stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundar vegna móttöku barna, sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Lög um útlendinga nr. 80/2016

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi á Íslandi ný lög um útlendinga, lög nr. 80/2016. Leystu þau af hólmi eldri lög um sama efni, lög nr. 96/2002. Eldra verklag, sem tók mið af eldri lögum, hefur nú verið uppfært með hliðsjón af hinum nýju lögum. Hafa m.a. orðið nokkrar breytingar á skilgreiningu hugtaka í lögnum. Koma hugtökin *hæli* og *hælisleitandi* t.d. ekki fyrir í hinum nýju lögum en í þeirra stað er fjallað um *umsækjanda um alþjóðlega vernd*.

Skilgreining

Umsækjandi um alþjóðlega vernd er einstaklingur sem óskar eftir viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður eða ríkisfangslaus einstaklingur hér á landi. Máli umsækjanda um alþjóðlega vernd er vísað til Útlendingastofnunar sem tekur umsókn hans til meðferðar. Útlendingastofnun hefur gert samning við Reykjavíkurborg um að veita umsækjendum um alþjóðlega vernd þjónustu á meðan mál þeirra eru í vinnslu hjá íslenskum stjórnvöldum. Þegar málsmeðferð lýkur og Útlendingastofnun hefur tekið ákvörðun í máli umsækjanda ber stofnuninni að birta honum ákvörðunina. Ef stjórnvöld fallast á réttmæti umsóknar um alþjóðlega vernd fær einstaklingurinn viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/2016 hefur einstaklingur, sem synjað hefur verið um alþjóðlega vernd, 15 daga kærufrest til innanríkisráðuneytisins, frá því honum var tilkynnt um ákvörðunina. Þegar kærandi er ríkisborgari ríkis sem er á lista Útlendingastofnunar yfir örugg upprunaríki getur kærufrestur þó farið niður í 5 daga.

Ráðgjöf, fræðsla og upplýsingagjöf á skrifstofu SFS:

Ráðgjöf, fræðsla og upplýsingagjöf vegna móttöku og aðlögunar barna sem sækja um alþjóðlega vernd veita fulltrúar fjölmenningsarteymis SFS:

- Fyrir grunnskóla og frístundastarf: Dröfn Rafnsdóttir drofn.rafnisdottir@reykjavik.is og Dagbjört Ásbjörnsdóttir dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is
- Fyrir leikskóla: Fríða Bjarney Jónsdóttir frida.b.jonsdottir@reykjavik.is

Upplýsingar um kostnað og greiðslur veitir Guðmundur G. Guðbjörnsson deildarstjóri fjármála- og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs netfang: gudmundur.g.gudbjornsson@reykjavik.is

Ef ljóst er að barn þarf aukinn stuðning vegna fötlunar eða langvarandi veikinda þarf að hafa samband við verkefnastjóra sérkennslu á skrifstofu SFS:

- Fyrir leikskóla: Hanna Halldóra Leifsdóttir hanna.halldora.leifsdottir@reykjavik.is
- Fyrir grunnskóla: Hrund Logadóttir hrund.logadottir@reykjavik.is
- Fyrir frístundastarf: Sigríður Rut Hilmarisdóttir sigridur.rut.hilmarsdottir@reykjavik.is.

Þjónusta við börn sem búsett eru í Reykjavík en eru í þjónustu Útlendingastofnunar.

Börn sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á leik- og grunnskólaaldri, eru búsett í Reykjavík en eru í þjónustu Útlendingastofnunar, eiga kost á að sækja skóla- og frístundastarf á vegum Reykjavíkurborgar. Upplýsingar um þessi börn berast ekki í öllum tilfellum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs. **Í þeim tilfellum þegar Útlendingastofnun hefur beint samband við skóla þurfa skólastjórnendur að upplýsa fulltrúa fjölmeningarteymis og deildarstjóra fjármála á skrifstofu skóla- og frístundasviðs um innritun viðkomandi barns.** Með því er leitast við að fá yfirsýn yfir þau börn sem eru í þjónustu á vegum útlendingastofnunar ásamt því að tryggja ráðgjöf, stuðning og fjármagn til viðkomandi skóla- og frístundastarfs.

Þjónusta við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd á grundvelli samnings Reykjavíkurborgar við Útlendingastofnun:

Reykjavíkurborg hefur gert samning við Útlendingastofnun um þjónustu við útlendinga sem sótt hafa um alþjóðlega vernd. Í samningsviðauka er fjallað um nám og frístundir barna sem sótt hafa um alþjóðlega vernd en skv. honum er tryggt að hægt sé að þjónusta barn með fullnægjandi hætti án þess að viðbótarkostnaður vegna þess leggist á þjónustuaðilann, m.ö.o. Reykjavíkurborg. Þannig er tryggt að skólar og frístundaheimili fái sérstaklega greitt vegna allrar þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Samkvæmt samningi fá þeir skólar/leikskólar/frístund sem eru með börn sem óska eftir alþjóðlegri vernd greiðslur sem miðast við meðalkostnað vegna barna á stofnunum borgarinnar, auk kostnaðar vegna túlkunar, stuðnings og matarkostnaðar fyrir þann tíma sem barnið er í skóla, þ.e. frá þeim degi sem barn byrjar og til þess dag sem barn hættir í skóla. Athygli er vakin á því að dvalartími þessara barna mjög óviss og því eru stjórnendur hvattir til að leita samráðs við fjármálaþjónustu og fjölmeningarteymi SFS áður en farið er í breytingar á skipulagi eða mannhaldi. Teymi um alþjóðlega vernd á þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða heldur utan um verkefnið og skipuleggur þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Samstarf skrifstofu SFS og þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar/Miðborgar og Hlíða (ÞVMH) sem heldur utan um málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd í Reykjavík.

Teymi á ÞVMH heldur utan um málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd í Reykjavík. Samvinna SFS og ÞVMH byggir á verklagi á milli sviðanna tveggja og felst í samráði um val á skóla/leikskóla út frá búsetu fjölskyldu umsækjenda um alþjóðlega vernd og samfellu í þjónustu við fjölskyldur barna á leik- og grunnskólaaldri sem sækja um alþjóðlega vernd. Tengiliður ÞVMH, Hrafnís Tekla Pétursdóttir hrafnis.tekla.petursdottir@reykjavik.is aðstoðar fjölskyldu við að innrita börn í leikskóla, grunnskóla og frístundastarf. Hér er hægt að nálgast umsókn um undanþágu á leikskóladvöl fyrir barn sem er tímabundið án kennitölu. Tengiliður ÞVMH upplýsir fjölmeningarteymi SFS mánaðarlega um þær fjölskyldur sem eru í þjónustu borgarinnar hverju sinni. ÞVMH sinnir þeim hluta þjónustunnar er viðkemur fjölskyldunni sjálfri og daglegu lífi hennar. Eftir að í skóla/frístundastarf er komið er einnig hægt að leita ráðgjafar og fræðslu vegna móttöku, aðlögunar, náms og frístundastarfs hjá fjölmeningarteymi SFS.



Samstarf skrifstofu SFS við leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.

Eftir að innritun í skóla/frístundastarf er lokið og ákvörðun um skóla liggur fyrir, bera stjórnendur ábyrgð á að meta þörf fyrir stuðning, fræðslu og ráðgjöf og hafa samband við fulltrúa ÞVMH eða SFS eftir því sem við á. Hægt er að fá ráðgjöf og fræðslu vegna móttöku, aðlögunar og náms barna. Einnig er hægt að óska eftir fræðslu um stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd og/eða aðbúnað, menningu, siði og venjur í heimalöndum þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd.

Við undirbúning barna í skóla- og frístundastarfi er hægt að styðjast við þær móttökuáætlanir sem þegar hafa verið útbúnaðar vegna móttöku barna innflytjenda og byggja á stefnu borgarinnar um fjölmenningsleg skóla- og frístundastarf Heimurinn er hér. Hafa ber í huga að móttaka, aðlögun og nám barna sem sækja um alþjóðlega vernd er viðkvæm þjónusta sem miðar að því að koma til móts við börn foreldra sem hafa yfir höfði sér að verða mögulega vísað úr landi eftir tiltekinn tíma. Þetta tímabil skapar álag og streitu fyrir börnin sjálf og foreldra þeirra en ekki síður önnur börn, kennara og starfsfólk í þeim skólum og frístundaheimilum sem taka á móti börnunum. Þegar þessum óvissutíma lýkur fá fjölskyldur annaðhvort viðurkennda stöðu sína sem flóttamenn eða er vísað brott frá landinu. Í sumum tilfellum geta börn haldið áfram skólagöngu sinni í viðkomandi skóla ef fjölskyldan fær stöðu flóttafólks en í öðrum tilfellum mun þurfa að flytja börn á milli skóla.

Í ljósi þeirrar flóknu aðstöðu sem fjölskyldur sem sótt hafa um alþjóðlega vernd eru í á Íslandi og oft á tíðum langrar málsmeðferðar, hefur komið upp sú staða hjá nokkrum fjölskyldum að hluti þeirra mála er rekinn í fjölmiðlum fyrir opnum tjöldum. Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Athygli er vakin á að upplýsingafulltrúi skóla- og frístundasviðs er Sigrún Björnsdóttir sigrun.bjornsdottir@reykjavik.is.



Móttaka nemenda

Nafn barns:

Hvaða nafn/nöfn/gælunöfn á að nota?:

Heimilisfang:

Sími:

Kyn:

Þjóðerni:

Tungumál:

Forsjá barns _____ Móðir _____ Faðir _____ Sameiginleg forsjá

þarf túlkþjónustu? _____ Já _____ Nei

Ef já, hvaða tungumál? _____

Talar barnið fleiri en eitt tungumál á heimili? _____ Já _____ Nei

Ef já, hvaða? _____

Hvert er komuár barns til Íslands (ef við á)? _____

Fjölskylduaðstæður

Nafn föður _____ Kennitala _____

Þjóðerni: _____ Tungumál _____

Starf hérlendis _____

Farsími _____ Vinnusími _____

Nafn móður _____ Kennitala _____

Þjóðerni: _____ Tungumál _____

Starf hérlendis _____

Farsími _____ Vinnusími _____

Systkini _____ Aldur _____

Systkini _____ Aldur _____

Systkini _____ Aldur _____

Systkini _____ Aldur _____



virðing - gleði - umhyggja

Hverjir búa á heimili nemenda? _____

Hve lengi hafa foreldrar nemenda búið á Íslandi?

Móðir _____

Faðir _____

Skyldmenni/kunningjar á Íslandi? _____

Er einhver tengdur fjölskyldunni sem talar íslensku eða ensku? _____ Já _____ Nei

Ef já, hver? _____

Vinnutími foreldra? Móðir _____ Faðir _____

Vitnisburður frá fyrri skóla liggur fyrir? _____ Já _____ Nei

Tekur barnið inn einhver lyf að staðaldri? _____ Já _____ Nei

Ef já, hvaða lyf? _____

Einhver ofnæmi? _____

Matarvenjur _____

Er lesblinda þekkt í fjölskyldunni? _____

Félagsleg staða

Í skóla áður fyrr _____ Góð _____ Í meðallagi _____ Slök

Áttni barnið vini _____ Já _____ Nei

Ef nemandi er í 1. – 5. bekk hvar dvelur hann eftir að skóla lýkur á daginn?

Er barnið skráð í Álfheima/Hraunheima (ef við á)? _____ Já _____ Nei

Stundaði barnið einhverja íþrótt í heimalandinu? _____ Já _____ Nei

Ef já, hvaða? _____

Hefur nemandi verið aðskilinn frá foreldrum sínum? _____ Já _____ Nei

Ef svo er, hversu lengi? _____

Hjá hverjum bjó nemandinn? _____

Er eitthvað sem þarf að taka tillit til varðandi trúarbrögð? _____

Er eitthvað fleira sem gott væri fyrir kennara að vita um barnið?



Spurningar til nemenda

Hvernig þótti þér að flytja til Íslands? _____

Ert þú í sambandi við ættingja og/eða vini í heimalandinu þínu, t.d. í gegnum nettengingu eða póst?
_____ Já _____ Nei

Áttu vini hér á landi, sem ættaðir eru frá heimalandinu? _____ Já _____ Nei

Áttu íslenska vini? _____ Já _____ Nei

Þekkir þú önnur börn í skólanum? _____ Já _____ Nei

Hefur nemandi áður skipt um skóla? _____ Já _____ Nei

Fór kennsla fram á móðurmáli nemandans? _____ Já _____ Nei

Ef ekki, á hvaða tungumáli fór kennslan fram? _____

Skilur og/eða talar nemandinn önnur mál en móðurmál? _____

Er nemandi læs? _____ Já _____ Nei

Hver eru helstu áhugamálin? _____

Spilar barnið á hljóðfæri? _____ Já _____ Nei

Ef já, hvaða? _____

Fylgiskjal nr. 4

Fjármagn til SFS á grundvelli samnings við ríkið um þjónustu við kvótaflóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Fjármagn vegna kvótaflóttafólks kom inn frá janúar 2016-2017.

Hælisleitendur	2016	2017	Samtals 2016 og 2017
Leikskólar	15.489	19.001	34.490
Grunnskólar	18.061	48.831	66.892
Samtals - hælisleitendur	33.550	67.832	101.382 millj.
Kvótaflóttamenn		2017	
Leikskólar		8.704	8.704
Grunnskólar		7.132	7.132
Samtals kvótaflóttamenn		15.836	15.836 millj.
Samtals hælis og kvóta	33.550	83.668	117.218 millj.



Reykjavík, 21. febrúar 2018

R18020177

400

HBL/bþ

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um greiningu á stöðu nemenda með íslensku sem annað tungumál

Á fundi borgarstjórnar þann 20. febrúar 2018 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar skóla- og frístundasviðs:

Borgarstjórn samþykkir að óháðum aðila verði falið að greina sérstaklega stöðu nemenda í grunnskólum Reykjavíkur sem hafa íslensku sem annað tungumál (ÍSAT). Umræddur aðili kanni hvað farið hefur úrskaiðis í kennslu ÍSAT-nemenda í Reykjavík og komi með tillögur til úrbóta. Niðurstöður síðustu PISA-kannana sýna að lesskilningi ÍSAT-nemenda hefur hrakað enn hraðar en hjá nemendum sem eiga íslensku að móðurmáli samkvæmt greiningu Menntamálastofnunar. Rannsóknir sýna að lítil lesskilningur bitnar á námsframvindu í öðrum námsgreinum.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknar og flugvallarvina og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, óháður borgarfulltrúi, lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt niðurstöðum síðustu PISA-könnunar er hlutfall grunnskólanemenda sem hafa íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) og eru í allra neðstu mörkum í lesskilningi, 56,9% á Íslandi en sambærilegt meðaltal í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) er 32,7%. Þarna munar 74% eða 24 prósentustigum. Meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna kys að samþykkja ekki tillögu Sjálfstæðisflokksins um greiningu á því hvað hafi farið úrskaiðis í kennslu ÍSAT-nemenda í Reykjavík. Þess í stað kys meirihlutinn að svæfa tillöguna með því að vísa henni til meðferðar skóla- og frístundasviðs. Tillögu um gagnrýna skoðun á kerfinu er því vísað til meðferðar innan sama kerfis.

Helga Björk Laxdal
e.u.

SKJALAVER HÖFÐATORGI
23. FEB. 2018
Málsnr.: <i>SFS 2018-02-0098</i>
Bréfalykill: <i>4-13</i>

Efni: Frekari stefnumótun í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku

Á haustdögum 2017 fóru 28 grunnskólakennarar og kennsluráðgjafar af höfuðborgarsvæðinu í þremur hópum til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á vegum símenntunarverkefnis SSH, til að kynna sér móttöku nýrra nemenda af erlendum uppruna og eftirfylgni við þá í grunnskólum viðkomandi landa. Námsferðirnar voru farnar fyrir verkefnisstyrk frá Erasmus+. Hóparnir urðu margs vísari í heimsóknum sínum og afrakstri ferðanna hefur m.a. verið komið á framfæri í röð fræðslufunda til handa kennurum skólastjórnendum, starfsfólki skólaskrifstofa, skólameyndarfulltrúum og sveitarstjórnarfólki, nú í febrúar og marsmánuði. Sjá vef verkefnisins: <http://ssh.menntamidja.is/fjolmenning/namsferdir-til-skandinaviu/>

Á fræðslufundi 2. mars sl., þar sem fjallað var sérstaklega um móttöku nýrra nemenda af erlendum uppruna og aðferðir við mat á námsstöðu þeirra, kom fram ákall um að gera verði betur í þeim efnum. Að mati samstarfshóps SSH um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu er óhjákvæmilegt að koma skilaboðum fundarins á framfæri við skólamálanefnd SSH og leggja í hennar hendur að taka eftirfarandi tillögur til skoðunar og koma þeim á framfæri við stjórn ssh.

Það er ljóst að við stöndum frammi fyrir stóru verkefni þegar kemur að móttöku nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku. Við teljum vænlegast og hvetjum til þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eigi samstarf um móttöku þessara nemanda, mat á námsstöðu þeirra og eftirfylgni við þá í skólastarfi. Það er okkar mat að þörf sé á skýrari og samræmdri stefnumótun (stefna, skipulag og verklag) innan höfuðborgarsvæðisins um móðurmálskenndu nemenda með annað móðurmál en íslensku og íslenskunám þeirra í grunnskólum. Samvinna um þetta mál kæmi öllum til góða; grunnskólum sveitarfélaganna, nemendum og fjölskyldum þeirra. Jafnframt mælumst við til þess að stjórn SSH hvetji íslensk stjórnvöld til þess að beita sér fyrir því á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MMR) og Menntamálastofnunar (MMS) að tekið verði sérstaklega á eftirfarandi atriðum:

- MMS taki saman það námsefni sem til er hér á landi fyrir kenndu nemenda með annað móðurmál en íslensku og geri það aðgengilegt fyrir alla kennara á Íslandi.
- MMS standi fyrir því að námsefni verði samið, orðalistar útbúnir og tilbúið námefni aðlagð fyrir þennan hóp nemenda.
- MMS kaupi til landsins og staðfæri matstæki sem metur stöðu barna á móðurmáli þeirra við komuna til landsins.
- MMR endurskoði kafla um íslensku sem annað tungumál í aðalnámskrá.
- MMR sjái til þess að kennaranemar hafi aðgengi að sérhæfðu námi í kenndu íslensku sem annars tungumáls.

Samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu.